

Geta verðmæti sjávarafurða vaxið um 50 mrð á 5 árum?

Inngangur

Ráðherra, fundarstjóri, ágætu ráðstefnugestir.

Það fer ekki á milli mála að sjávarútvegur á Íslandi er um margt einstakur. Landhelgin var snemma færð út sem tryggð stjórn á miðunum í kringum landið. Til að sporna við ofveiði var tekið upp nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi sem byggir á sjálfbærni fiskstofna og stjórnun á veiðimagni flestra stofna. Með tilkomu kvótakerfisins hefur útgerðin nýtt fiskstofna á mjög hagkvæman hátt, afkoma útgerðarinnar gjörbreyttist og er landið nú með mörg af best reknu sjávarútvegsfyrirtækjum í heimi.

Áhersla í sjávarútvegi hefur lengi verið á tvennt, annars vegar veiðar, s.s. hagkvæmni í veiðum og að tryggja sér veiðiréttindi, og hins vegar að ná beint til mikilvægustu kaupenda á sterkustu mörkuðum. Síðustu 2 áratugir hafa einkennst af því að auka hagkvæmni í útgerð og nýtingu stofna. Í dag vil ég sýna fram á að nú er komið að áratugi þar sem við þurfum að auka verðmæti þess afla sem við fáum í net eða á krók eða úr eldi. Ég vil nefna þrjár ástæður sem gera það áriðandi: Í fyrsta lagi er ólíklegt að heildarmagn bolfisks muni aukast, í öðru lagi getum við ekki reiknað með að markaðsverð fyrir sambærilegar vörur muni hækka mikið og í þriðja lagi er líklegt að krónan muni styrkjast á næstu árum. Mér finnst líklegt að breytinga sé þörf á mörgum sviðum, í veiðum, vinnslu, rannsóknum og í markaðssetningu og sölu.

Ræðan skiptist í tvo hluta. Í fyrri hlutanum mun ég fara yfir helstu stærðir sjávarútvegsins, greina magn og verðmæti mikilvægustu þátta sem gefur svo grunn að síðari hlutanum þar sem ég mun draga fram mynd af því hvernig sjávarútvegurinn getur náð að auka verðmæti útflutnings um verulegar upphæðir.

1. Töluleg greining á íslenskum sjávarútvegi

Greiningin skiptist í þrennt og nota ég þar sem hægt er tölur fyrir síðustu tvo áratugi:

- Veiði og eldi
- Vinnsla og ráðstöfun afla
- Útflutningur og markaðir

Ég skipti veiði í 4 flokka og skoða þróun hvers fyrir sig. Bolfiskur, flatfiskur, uppsjávarfiskur og skel- og krabbadýr. Á þann hátt fæst skýr mynd af afla íslenskra skipa sem skiptir miklu máli þegar ákvarðanir eru teknar um mikilvægar aðgerðir í framtíðinni.

Heildaraflí íslenskra skipa var í fyrra tæp 1,1 milljón tonna sem er helmingur af því sem var fyrir 10 árum. Á síðasta áratugi síðustu aldar náði aflí mest yfir 2.4 milljóna tonna svo samdráttur hefur verið mikill.

Myndin sýnir þróun verðmætis frá 1993 til 2009. Verðmæti landaðs afla var rúmar 115 mrð.kr í fyrra og eru þau mest í bolfiski eða yfir 71%, uppsjávarfiskur var með tæp 19% í fyrra og hlutdeild flatfisks var 8.5%. Verðmæti skel- og krabbadýra var eingöngu 1.6%.

Snúum okkur nú að einstökum tegundaflokkum og byrjum á bolfiski. Síðasta áratuginn hafa veiðar á **bolfiski** verið á milli 440 og 500 þúsund tonn en áratuginn á undan var hún á milli 430 og 630 þúsund tonn. Það eru sveiflur í veiði flestra tegunda en mestu munar um tæplega 150 þúsund tonna minnkun í þorski, en hlutdeild hans í bolfiski er um 40%.

Veiðar á **flatfiski** hafa verið í kringum 30 þúsund tonn síðasta áratuginn, en var oft í kringum 55 þúsund tonn upp úr 1990. Ástæðan er fall í grálúðuveiði en einnig hefur veiði á skarkola og sandkola minnkað nokkuð.

Veiðar á **uppsjávarfiski** eru mjög sveiflukenndar, þær náðu hámarki í kringum 2002 með 1,8 m tonna veiði en voru á síðasta ári eingöngu um 540 þúsund tonn. Loðna náði hámarki 1997 og voru veidd tæplega 1,6m tonn, kolmunni náði 500 þúsund tonnum 2003 og síld rúmum 300 þúsund tonnum í fyrra. Makríll hefur svo bætt upp minni veiðar á loðnu síðustu árin.

Það komu innan við 9.000 tonn af **skel- og krabbadýrum** á land í fyrra en hámark afla á síðustu 20 árum var 1996 þegar aflí var yfir 100.000 tonn. Hrun í rækjustofninum er aðalástæðan sem og hrun hörpudisks-stofnsins.

Þessi mynd sýnir magn úr **eldi**, það var lengi í kringum 4.000 tonn, tók stökk 2003 til 2006 með töliverðu laxeldi en hefur verið síðustu árin í kringum 5.000 tonn og er Íslandsbleikja stærsta tegundin og þorskur stutt á eftir.

Úrvinnsla og ráðstöfun afla

Íslenskur sjávarútvegur er mjög sveigjanlegur og lagar vinnslu hratt að nýjum tækifærum og þörfum, hvort sem er um er að ræða hráefni eða markaði. Kostir íslensks skipulags er að útgerð og vinnsla eru á einni hendi. Flest framleiðslufyrirtæki hafa mótað sér stefnu um þá vinnslu sem þau vilja einbeita sér að, hvort sem það er framleiðsla á ferskum, frystum, söltuðum, niðurlögðum eða þurrkuðum afurðum eða þá aflinn er sendur óunninn á markað erlendis. Útgerðin og vinnslan skoða nákvæmlega hvaða afurðir gefa hæsta skilaverð á hráefniskíló og

laga framleiðsluna að því. Þessi mynd sýnir ráðstöfun alls afla á nokkrum af síðustu 17 árum. Um 45% hefur farið í bræðslu, en hlutfallið féll í 35% í fyrra, landfrysting hefur verið rétt undir 20%, sjófrysting vaxið mjög og var með 24% í fyrra, ferskur óunninn á markað erlendis er með um 6% afla og fersk flök hafa vaxið og fara um 5% afla í þann flokk.

Áhugavert er að skoða ráðstöfun einstakra fisktegunda eða flokka enda segir það mikið til um veiðar og vinnslu og samkeppnishæfni markaðshluta, en allar tölur miðast við veiðipýngd. Á þessari mynd sjáum við hvernig ráðstöfun þorskafla hefur þróast frá 1990 og hver staðan er í dag. Miklar sveiflur hafa verið á þessum tíma en mestu breytingarnar eru aukin vinnsla á ferskum þorsflökum, minni útflutningur á óunnum þorski og minna fryst af afla í landi.

Ráðstöfun ýsuafla hefur þróast á ólíkan hátt. Landfrysting hefur minnkað úr 40% í 30% á meðan vinnsla á ferskum flökum hefur aukist og verið yfir 20% síðustu árin, sjófrysting hefur sveiflast en er með 17% hlutdeild svipað og fyrir 12 árum en helsta breyting síðustu ára er að auknum afla hefur m.a. verið mætt með því að senda ýsuna óunna úr landi.

Áherslur í vinnslu á ufsa eru ólíkar. Landfrysting og söltun voru saman tæplega 70% árið 1990 en voru í fyrra með 50% af afla. Ferskur útflutningur er lítill, hvort sem um er að ræða heilan fisk eða flök en hins vegar er sjófrysting mjög mikilvæg með yfir 40% hlutdeild.

Lítum á eina uppsjávartegund, síld. Mikilvægi síldar hefur aukist á síðustu árum og munar þar bæði um góðar veiðar innan landhelginnar og tilkomu norsk-íslenska síldarstofnsins frá 1994. Myndin sýnir ráðstöfun Íslensku sumargotssíldarinnar, hún hefur sveiflast mikið en einkennandi er að eingöngu eru söltuð 3% af aflanum sem var áður yfir 20%, frysting á sjó og í landi er mikil eða yfir 50% en enn er stór hluti bræddur eða 43%. Ráðstöfun norsk íslensku síldarinnar hefur þróast vel, 48% eru fryst á sjó og í landi þó enn séu 50% brædd.

Útflutningur og markaðir

Myndin sýnir verðmæti útflutnings á verðlagi hvers árs 1990-2009, þ.e. bláa línan, og reiknuð á verðlagi 2009, en ég tel bæði lagmeti og eldisafurðir með. Útflutningur nam í fyrra um 214 mrd.kr. og var það töluverð aukning frá 2008, einnig þegar það er borið saman á verðlagi 2009. Helsta skýringin á þessari raunaukningu eru birgðir í upphafi ársins og gengisfall krónunnar. 2008 var einnig gott en aðeins á svipuðu róli og verðmætin voru 2001 og 2002. Ef við skoðum útflutningstekjur í evrum hafa þær hins vegar lækkað verulega á síðasta áratugi.

Það er fróðlegt að sjá þróun útflutnings síðustu 20 árin. Þessar tölur eru reyndar án fiskeldis og lagmetis. Evrópa er langstærsti markaður fyrir okkur og hefur vaxið töluvert á þessum tíma. Í Evrópu kaupa lönd innan ESB tæp 69% og lönd utan ESB tæp 12%, en saman eru þau því með

um 80% af verðmæti útflutnings en þetta hlutfall var um 68% árið 1993. Þessi aukna hlutdeild er á kostnað N-Ameríku og Asíu, en útflutningur til Bandaríkjanna hefur hrunið og Japansmarkaður hefur fallið mikið. Á móti hefur sala til Afríku aukist sem og til Kína, þó það sé ekki mikið. Bretland er eftir sem áður okkar langmikilvægasti markaður og hefur haldið sinni hlutdeild í kringum 23%. Þar á eftir í ESB kemur Spánn, en erfitt er að segja nákvæmlega til um einstök lönd á meginlandinu, þar sem mikið er flutt út til Hollands sem síðan er selt til annarra landa, jafnvel utan Evrópu. Að sama skapi er erfitt að segja með hlutdeild S-Ameríku. Annar stærsti markaður okkar er Noregur, en stærsta afurðin þangað er mjöl og lýsi.

2. Getur íslenskur sjávarútvegur vaxið um 50 mrð.kr. á næstu 5 árum?

Getur sjávarútvegur vaxið um 50 mrð.kr. á næstu 5 árum? Ég hef rætt við leiðandi menn úr sjávarútveginum og þeir telja að hann geti það. En til að svara þessari spurningu mun ég byrja á að fjalla um mögulega þróun á afla við landið og síðan greina þann hafsþjó tækifæra sem sjávarútvegurinn hefur til þess að vaxa.

Aukinn afli?

Ég sagði í byrjun að ég teldi ólíklegt að reikna meggi með mikilli aukningu á afla næstu árin. Það er auðvitað erfitt að segja til um hvað veiðin gefur af sér næstu árin en þó er hægt að skoða mikilvægar stærðir. Miðað við verðmæti er myndin einföld, þorskur er langverðmætasta tegundin með 36%. Þorskur og síld eru komin um 50% af útflutningsverðmætum á síðasta ári. Aðeins 6 tegundir skila samtals 75% og 11 tegundir eru með yfir 87% af verðmæti útflutnings.

Taflan sýnir magn og virði landaðs afla í fyrra, 1.086 þús.tonn að verðmæti 117 mrð.kr, skipt í tegundaflokka, og verðmæti eldisafurða. Ég vil setja fram spá um afla 2015 og byrja á **bolfiski**. Miðað við síðustu áratugi er raunhæfast að reikna með svipuðum afla, 450-500 þúsund tonnum. Þorskur getur aukist en aðrar tegundir eru og geta haldið áfram að dragast saman. Aukning þorsks um t.d. 10-15.000 tonn á ári vegur ekki upp mögulegt fall í ufsa, karfa og ýsu. Ekki má gleyma að þorskafli innan landhelginnar í fyrra var 182.000 tonn, en kvóti þessa kvótaárs er aðeins 160.000 tonn.

Afli **flatfisks** hefur fallið og engar vísbendingar eru um aukningu og því ágætt ef aflinn helst.

Erfiðast er að spá fyrir um horfur í veiðum **uppsjávartegunda**. Miðað við þær veiðar sem við ráðum mestu um er mikilvægast að síldin nái sér og að loðnustofninn styrkist. Hvort að kolmunnir verði í miklu magni við landið eða makríll dveljist hér lengi er erfitt að spá um, vonandi en erfitt að byggja á. Aflinn getur því verið í kringum þau 600.000 tonn sem hann var í fyrra, en þó með ólíka samsetningu. En auðvitað geta og koma vonandi góð ár inn á milli.

Að lokum **skel- og krabbadýr**. Við skulum vona að rækja nái sér á nýju og að veiði á hörpudiski verði aftur möguleg, þá geta verðmæti þessa flokks orðið mikilvægt framlag til aukningar útflutnings.

Fiskeldi hefur verið um 5,000 tonn síðasta áratuginn eða um 1% af afla bolfisks, einhver aukning getur orðið í Íslandsbleikju, laxi og kræklingi, en stóra vonin er þorskeldið. Eldið getur bætt nokkrum milljörðum við útflutningsverðmæti.

Að lokum er hægt að auka framboð hráefnis með **innflutningi**, hvort sem er með beinum innflutningi eins og rækjuíðnaðurinn hefur gert eða með löndun erlendra skipa, sem tekist hefur t.d. með uppsjárarskip. Grundvöllur þessa er öflug innlend vinnsla sem hefur yfirburði umfram vinnslur erlendis. Ég tek þó ekki afstöðu til þeirrar þróunar hér ekki frekar en til veiða eða fjárfestinga íslenskra útgerða erlendis.

Niðurstaða mín er því sú að mjög ólíklegt að við munum auka útflutningsverðmæti mikið með auknum afla og þess vegna þurfum við breytt viðhorf á nokkrum sviðum og önnur vinnubrögð til að mögulegt sé að auka verðmæti sjávarafans. Með þessu er ég engan veginn að draga úr mikilvægi fiskveiðistjórnunar og hafrannsóknna, það þarf varla að taka fram að þar er mjög stór þáttur í íslenskum sjávarútvegi.

Aukið verðmæti sjávarfangs

Þegar ég skoða tækifæri til að auka virði sjávarútvegsins þá skipti ég greiningu á þeim í 4 hluta:

- Hráefni
- Úrvinnsla
- Rannsóknir, þróun og menntun
- Afsetningu, það er markaðssetning og sala á afurðum.

Hver og einn þáttur gegnir stóru og sjálfstæðu hlutverki en að lokum skiptir **samspil** þeirra höfuðmáli til að ná þeirri stökkbreytingu sem við þurfum.

Hráefni

Verðmæti afla, en þar með talin er sjófrysting, hefur verið um 60% af verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða síðustu árin, í fyrra 115 mrð.kr. af 200 mrð.kr framleiðslu. Það er því ekki óeðlilegt að gefa sér að framlag útgerðarinnar skili þessum hluta af virðisaukningunni.

Framlag útgerðar og eldis til aukningar á virði sjávarútvegsins er stærsti þátturinn og eru hér fjögur mikilvæg atriði:

1. Bættar veiðiaðferðir á bolfiski og betri meðferð á afla um borð.

Markmiðið hlýtur að vera að allur afli komist í hæsta gæðaflokk og þar með í dýrustu afurðirnar. Miklar framfarir hafa verið í veiðiaðferðum og meðferð afla um borð en meira þarf til. Það þarf breytt hugarfar, að fara frá magnhugsun í virðishugsun. Við þurfum í fæstum tilfellum að hugsa eins og áður, að bjarga verðmætum. Fróðlegt er að horfa til fiskeldis og læra af því hvað meðferð á afla varðar en langstærstur hluti hráefnis úr eldi fer í hæsta gæðaflokka inn á dýrustu markaði.

2. Hætta veiðum á síld, makríl og loðnu til bræðslu.

Umgengni um makrílinn í fyrra vakti marga í sjávarútveginum til umhugsunar, og ég held að flestir séu sammála að svona getum við ekki staðið að málum. Það eru fáar þjóðir sem veiða dýrar tegundir eins og síld og makríl til bræðslu. Og það getur ekki verið markmið útgerðar að stunda veiðar til þess að framleiða fóður fyrir önnur dýr nema vinnsla til manneldis sé ekki möguleg, sérstaklega þegar vinnsla í landi og á sjó hefur verið eflað eins og við höfum séð á liðnum árum. Við ættum að taka skrefið og nýta þessar tegundir til manneldis því það er eftir miklu að slægjast.

3. Allur afli og allt hráefni verði unninn um borð eða fluttur í land til vinnslu.

Við höfum séð hvað hægt er að gera við ýmsar svokallaðar aukaafurðir. Með takmarkaða auðlind hlýtur það að vera stefna að vinna verðmæti úr öllu sem sjávarafurðir gefa af sér. Það er fróðlegt að hugsa til þess að við vinnum aðeins um 60% bolfiskaflans, en bolfiskafli í fyrra var 460.000 tonn en um 40% af þessu eru hausar, hryggir og slóg og aðeins hluti þess fer í vinnslu. Og það kostar jafnmikið að veiða þau tonn eins og hin.

4. Auka fiskeldi

Það eru öllu hógværi tölur sem úr fiskeldinu en eldið getur engu að síður skapað verðmæti og gefið okkur sérstöðu, sérstaklega í bleikju og þorski auk þess sem rannsóknir á þessum sviðum auka þekkingu og skilning á sjávarlífrikinu.

Úrvinnsla

Úrvinnsla gegnir mjög stóru hlutverki en árangur hennar byggist á framboði og gæðum hráefnis og að markaðir séu til staðar fyrir framleiðsluna. Stóru tækifæri fyrir vinnslu í landi eru að auka

enn vinnslu á ferskum afurðum, að auka vinnslu á uppsjávarfiski til manneldis og byggja upp nýjar vinnslur og vinnslulínur fyrir hausa, hryggi og slóg, m.a. fyrir afurðir tengdar líftækni eða öðru sem við jafnvel þekkjum ekki í dag. Þar að auki vantar nýjungar og vöruþróun í loðnu og síld, hrogn, lifur og margt fleira. Við erum með mjög góð dæmi um framfarir í vinnslu hér á landi, en samkeppni við önnur lönd og eldið bendir á að við þurfum að gera enn betur.

Rannsóknir, þróun og menntun

Rannsóknir, vöru- og vinnsluþróun og menntun fyrir öll svið sjávarútvegsins eru mjög mikilvægur þáttur til þess að ná markmiði um vöxt tekna. Hér er margt vel gert en enn meira þarf til í veiðum og vinnslu, s.s. í meðferð afla, auka geymsluþol, betri flokkun, beinhreinsun og þróun á nýjum pakkingum fyrir ferskar og frystar afurðir.

Vinna við veiðar og vinnslu eru líkamlega erfið störf og það er ekki alltaf auðvelt að laða fólk til starfa í sjávarútvegi. Sem hálaunland í samkeppni við láglaunalönd, hvort sem er í vinnslu á landi eða sjó, þurfum við að ná framförum í tækni og vinnslu til að mæta samkeppni og til að halda forskoti. Ég óttast að menntun fyrir sjávarútveginn hafi dregist aftur úr, sem dæmi hvað tók við eftir að Fiskvinnsluskólinn var lagður niður og sjávarútvegsdeildin á Akureyri virðist ekki hafa verið nógu eftirsótt.

Það er mjög margt vel gert og mörg sterk fyrirtæki og stofnanir og þessi hlið sjávarútvegsins er mikilvæg fyrir framfarir í greininni og getur auk þess skapað útflutningstekjur vegna lausna sem þróaðar hafa verið fyrir íslenskan markað.

Flutningar mun áfram skipta lykilmáli. Forskot okkar umfram marga aðra er nálægð við markað í Evrópu, en við þurfum tíðari ferðir á sjó og framfarir í geymslu ferskra afurða til að ná að nýta tækifæri til tekjuaukningar, sem ferskar afurðir gefa.

Afsetning

Tengsl sjávarútvegsins við mikilvægustu markaði og stóra kaupendur hefur ætíð gegnt mikilvægu hlutverki. Breyting hefur orðið á markaðs- og sölustarfi á síðustu 10-20 árum, stór hluti sölu er nú beint í höndum framleiðenda og lítið lagt upp úr sameiginlegu markaðsstarfi. Sjávarútvegsfyrirtæki hafa styrkst mikið og hafa flest innanhúss hæft fólk í sölumálum. Ég tel samt að markaðssetning á íslenskum sjávarafurðum þurfi að efla og vil nefna hér nokkur atriði sem skoða þarf.

1. Standa sameiginlega að markaðssetningu á ímynd Íslands og sérstöðu íslenskra sjávarafurða.

Íslendingar áttu vörumerki sem voru leiðandi á mörgum mörkuðum. Ég hef sagt það áður að það nýtist öllum framleiðendum ef t.d. „Seafood from Iceland“ stendur fyrir eitthvað sérstakt í hugum neytenda, þá eru þeir tryggir kaupendur og borga hærra verð en ella. Við þurfum að tengja t.d. þorsk, karfa eða loðnu við landið, við þurfum að eigna okkur þessar tegundir í hugum fólks. Átakið „Inspired by Iceland“ var flott og tókst vel. Með litlum fyrirvara voru lagðar 700m kr. í að kynna landið vegna ótta við afleiðingar gossins í Eyjafjallajökli eða um 1% af útflutningstekjum ferðamannaíðnaðarins 2008. Þegar sjávarútvegurinn fór í gegnum erfið ár með ofursterka krónu eftir 2003, hvað var gert þá? Sambærilegt hlutfall hefði verið 2 mrð.kr. í átak fyrir sjávarútveginn.

2. Byggja upp markaðstöðu fyrir íslenskar afurðir á nýjum mörkuðum, s.s. í Rússlandi og í nokkrum Afríkulöndum.

Þarna eru framtíðarmarkaðir og það nýtist öllum ef við náum að byggja upp ímynd okkar eins og tókst áður í Bandaríkjunum og Bretlandi. Ef það tekst þá verður stærri hluti af lokaverði afurða eftir hér á landi.

3. Stækka markaði fyrir ferskar afurðir.

Framleiðsla ferskra afurða hefur aukist og mun aukast á komandi árum. Sölu- og markaðsfyrirtæki þurfa að stækka markaði fyrir íslenskar afurðir, hér þarf sameiginlegt átak, m.a. til að tryggja gæðastaðla.

4. Markaðssetja íslenskar afurðir sem náttúrulegar afurðir úr villtum veiðum í hæsta gæðaflokki.

Lykilorð eru: Ábyrgar og vottaðar veiðar á villtum fiskstofnum í hæsta gæðaflokki. Við þurfum að greina okkur frá öðrum á hverjum markaði með áherslu á stóru markaði okkar í Evrópu og Bandaríkjunum. Leggja áherslu á afurðir án aukaefna en ef þau eru notuð, halda kaupendum upplýstum og merkja samkvæmt lögum og reglum hvers markaðar.

Tímaritið Seafood International spurði nýlega innkaupafólk margra stórra dreififyrirtækja í Evrópu og N-Ameríku hvað framleiðendur þurfi að gera svo þeir selji meira af villtum afurðum. Áhersluatriðin passa vel við það sem við þurfum að gera.

Ef við drögum saman nokkrar af þeim aðgerðum sem ég hef farið yfir sjáum við að við getum náð að auka tekjur sjávarútvegsins um verulegar upphæðir á næstu 5 árum. Lítum á nokkur reikningsdæmi, sem ég tel vera hóflega reiknuð, en allar magntölur eru veiðipýngd, nema ég taki annað fram.

- Stórauka framleiðslu á ferskum afurðum: Ef við tvöföldum magn af þorski í slíkar afurðir getum við aukið tekjur um 8-10 mrð.kr.
- Draga úr sölu á óunninni ýsu og karfa: Ef við flökum helming af þeim afla sem fer óunninn úr landi getum við aukið tekjur um 2-3 mrð.kr.
- Þróa aðferðir til að draga bein úr bolfiskflökum: Breyta framleiðslu úr marningsblokkum í flakaafurðir getur skilað 1-2 mrð.kr.
- Stórauka vinnslu á uppsjávarfiski til manneldis: Ef við frystum 200.000 tonn af þeim 386.000 tonna uppsjávarafla sem fór í bræðslu í fyrra getum við aukið útflutningstekjur um 13 mrð.kr.
- Frysta flakaskammta á sjó: Mjög líklega hægt að auka verðmæti um 2 mrð.kr.
- Vinna alla hausa og hryggi: Aðeins um 18.000 tonn af bolfiskhausum voru unnir í fyrra af um 100.000 tonna hráefni. Tvöföldun getur aukið verðmæti um 7 mrð.kr.
- Og markaðssetja Ísland sameiginlega og efla ímynd á lykilmörkuðum: Neytendur greiða hærra verð og geta 6-8 mrð.kr. bæst við verðmæti sjávarútvegsins.

Að lokum

Ágætu gestir Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Ég var beðinn um að skoða hvort hægt sé að auka tekjur sjávarútvegsins um 50 mrð. á 5 árum. Ég er sannfærður um að svo sé og að þetta sé sú leið sem við verðum að fara. Sjávarútvegsráðstefnan er nýr vettvangur sem getur gegnt mikilvægu hlutverki í þessu starfi og verður fróðlegt að fylgjast með árangrinum næstu 2 daga.